

# Umsókn

## um fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn samkvæmt reglum um hús Jóns Sigurðssonar.

Nafn:

Kt.:

Heimili:

Staður:

Póstnúmer:

Sími:

Tölvupóstfang:

Menntun (lokapróf, titill):

Starf:

Heiti verkefnis:

Er sótt um með öðrum? Hverjum?

Mánuðir sem sótt er um:

Til vara er sótt um:

Hefur umsækjandi hlotið úthlutun áður (ef já; hvenær)?

Gögn sem fylgja umsókninni:

Verkefnislýsing (að hámarki 500 orð)

Ferilskrá

Annað

Nauðsynlegt er að yfirlit um náms- og starfsferil (CV) og ritaskrá umsækjenda fylgi umsókn. Ritgerðir (eða handrit) tengdar verkefninu geta styrkt umsóknina. Rétt er að benda umsækjendum á að senda útdrætti ritgerða/handrita, auk efnisyfirlits, inngangs og heimildaskrár, frekar en að senda verk í heild sinni. Úthlutunarnefnd áskilur sér rétt til að kalla eftir ítarlegri upplýsingum. Fylgigögn verða endursend umsækjendum, sé þess óskað.

Hvaða fræðilegt eða hagnýtt gildi hefur verkefnið?

Hvers vegna verður að vinna verkefni í Kaupmannahöfn?

Athugasemdir sem umsækjandi óskar að gera til viðbótar:

Dagsetning: ..... Undirskrift: .....

## Til athugunar fyrir umsækjendur

Íbúðum fræðimanns í Kaupmannahöfn, samkvæmt reglum um hús Jóns Sigurðssonar, er úthlutað árlega: íbúð á 2. hæð frá ágústlokum, eða byrjun septembermánaðar, til sama tíma að ári, og íbúð á 4. hæð frá janúarbyrjun til miðs desembers ár hvert. Fræðimenn, sem hyggjast vinna að rannsóknum eða verkefnum í Kaupmannahöfn, geta sótt um afnot af íbúðunum eftir að þær eru auglýstar laus til umsóknar.

Íbúðirnar eru tveggja herbergja og fylgja þeim allur nauðsynlegur heimilisbúnaður, þar á meðal þvottavél og þurrkari. Afnotin eru endurgjaldslaus, en þeim sem fá úthlutað ber þó að greiða fyrir þrif íbúðarinnar og rekstrarkostnað og er upphæðin tiltekin hverju sinni í auglýsingu, samkvæmt ákvörðun stjórnar Jónshúss. Gert er ráð fyrir að þeir sem hljóta úthlutun gangi snyrtilega um íbúðirnar og skili þeim í góðu ástandi.

Dvalartími í íbúðunum fer eftir umfangi verkefnis og öðrum ástæðum en getur að jafnaði ekki orðið lengri en 6 vikur.

Umsækjendur skulu gera grein fyrir tilgangi ráðgerðrar dvalar sinnar í Kaupmannahöfn, svo og menntun og fyrri störfum. Þá skal taka fram hvenær á framangreindu tímabili og hve lengi óskað er eftir afnotum af fræðimannsíbúð. Úthlutunarnefnd ætlast til að dvalargestir nýti úthlutaðan tíma sinn að fullu við störf í Kaupmannahöfn. Ef hjón, sambýlisfólk eða tveir einstaklingar hyggjast vinna saman að verkefni og búa saman í fræðimannsíbúð er óskað eftir að það komi fram í umsókn.

Við úthlutun íbúðanna er höfð hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

1. Að verkefnið hafi fræðilegt eða hagnýtt gildi og þyki áhugavert.
2. Að umsókn sé vandlega unnin.
3. Að sem eðlilegust skipting sé milli kynja og fræðigreina.
4. Að verkefnið verði ekki unnið annars staðar en í Kaupmannahöfn eða nágrenni.

Þeir sem eru í námi, þar á meðal doktorsnámi, eiga að jafnaði minni möguleika á úthlutun. Þá er höfð hliðsjón af því hvort sótt er um dvöl í fyrsta skipti, en þegar umsækjendur eru jafnsettir skulu þeir ganga fyrir sem sækja um dvöl í fyrsta skipti.